



Djúpmolar

10. júní 2005

Útgefandi: Súðavíkurhreppur
Umsjón: Ómar Már Jónsson
Ábyrgðarm: Guðjón Kjartansson

Fréttabréf Súðavíkurhrepps

2. tölublað
10. árgangur

Bolfiskvinnsla hafin aftur í Súðavík eftir langt hlé

Bolfiskvinnsla hófst að nýju í Súðavík í maí sl. er Útgerðarfélagið Ari ehf. hóf vinnslu í húsnæði félagsins við Njarðarbraut, þar sem áður var skrifstofa Súðavíkurhrepps. Bolfiskvinnsla hefur ekki farið fram í Súðavík frá því að Frosti hf. fór alfarið í rækjuvinnslu snemma á tíunda áratug síðustu aldar.




Hjá hinni nýju fiskvinnslu starfa nú fjórir og ekki er útilokað að þeim fjölgi á næstunni að sögn Gísla Hermannssonar framkvæmdastjóra. Stofnun vinnslunnar má rekja til þess að á fiskveiðiárinu 2003/2004 var úthlutað 30 tonna byggðakvóta til Súðavíkur og árið 2004/2005 var úthlutað til Súðavíkur 150 tonna byggðakvóta. Vegna þessara úthlutana var hægt að skapa rekstrargrundvöll til að stofna og starfrækja bolfiskvinnslu í Súðavík.

Fjórir bátar eru í viðskiptum hjá fiskvinnslunni og vonast Gísli til þess að þeim fjölgi frekar þegar liða fer á sumarið. Vinnslan fer nú fram í 160 fermetra húsnæði sem fyrirtækið keypti af Súðavíkurhreppi á sínum tíma og hefur verið innréttað að nýju.

Bryggjudagar í Súðavík, - 16. til 19. júní nk.

Óhætt er að segja að mikið sé um að vera í Súðavík í sumar. Bryggjudagar verða haldnir í þriðja sinn 16. til 19. júní nk. Dagskráin er fjölbreytt og ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi. Að sögn Vilborgar Arnarsdóttur, eins forsvarsaðila hátíðarinnar má búast við fjölmönnum dansleik en eins og áður hefur komið fram mun hljómsveitin Paparnir troða upp og verður dansleikurinn haldinn í íþróttahúsi grunnskólans. Dagskrá hátíðarinnar er að finna á heimasíðu Súðavíkurhrepps.



Stefnumörkun fyrir Súðavíkurhrepp fyrir árin 2005 til 2010

Nú er lokið við umfangsmikla vinnu við stefnumörkun Súðavíkurhrepps, „*Til móts við nýja tíma*“, sem nær yfir árin 2005 til 2010.

Í vinnu stefnumörkunarinnar var sérstaklega tekið á atvinnu- og byggðamálum, sem eru grunnstoðir hvers byggðarlags. Stefnumörkunin er unnin í framhaldi af íbúðingum sem haldið var í mars 2004, þar sem málefni sveitarfélagsins voru rædd ítarlega. Að stefnumótunavinnunni komu m.a. sveitarstjórn Súðavíkurhrepps, íbúar og aðilar Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða.

Meginmarkmiðin eru:

1. Að íbúum Súðavíkurhrepps fjölgi um fjörutíu á tímabilinu, 2005 til ársins 2010.
2. Að störfum fjölgi um tólf á tímabilinu 2005 til 2010.



SÚÐAVÍKURHREPPUR
-til móts við nýja tíma

Í desember 2004 voru skráðir **235** íbúar í Súðavíkurhreppi. Miðað við markmiðið um fjölgun íbúa er gert ráð fyrir að fjöldi íbúa verði að lágmarki **275** árið 2010 en til hliðsjónar má geta þess að árið 1997 voru íbúar Súðavíkurhrepps 277 talsins.

Samkvæmt úttekt sem gerð var í apríl 2005 voru samtals **85** stöðugildi í sveitarfélaginu. Miðað við sett markmið er gert ráð fyrir að þau verði orðin **97** árið 2010, þ.e. fjölgi um **12**, en hvert starf miðast við fullt starf á ársgrundvelli.

Sett er fram ákveðin stefna í málaflokkunum tveim sem eiga að miða að því að markmiðin náist.

Sveitarfélög eiga í samkeppni sín á milli um íbúa, fyrirtæki, fjárfesta og störf. Með stefnumótuninni er Súðavíkurhreppur að leggja sitt af mörkum til að skapa hér rekstrarlega hagkvæmara umhverfi fyrir fyrirtæki en gengur og gerist.

Einnig eru settar fram leiðir til að skapa hér enn fjölskylduvænna umhverfi.

Þessar niðurstöður hafa það að leiðarljósi að efla samfélagið á sem flestum sviðum. Niðurstöðurnar verða kynntar laugardaginn 2. júlí nk. í grunnskóla Súðavíkur.

Endurbætur á félagsheimilinu í Súðavík að innanverðu

Gert er ráð fyrir að endurbótum á félagsheimilinu ljúki um miðjan júní mánuð nk. M.a. hefur verið skipt um gólf, vatnslagnir hafa verið endurnýjaðar, sett hefur verið upp rafmagnshitatúpa, en húsið var áður olíukynnt og einnig hafa rafmagnslagnir verið endurnýjaðar.



Lítilli eldhúsaðstöðu hefur verið komið upp innan til í húsinu til að mögulegt verði að bera fram veitingar þegar þess er þörf. Gólfíð á sviðinu hefur verið fjarlægð og settir verða pallar sem munu þjóna hlutverki sviðs, þegar þess er þörf.

Við þessa breytingu stækkar gólfhlötu félagsheimilisins töluvert og er horft til þess að notkunargildi hússins aukist til muna og mögulegt verði að nýta húsið í meira mæli en gert hefur verið til þessa. G.S. Trésmíði ehf sjá um endurbætur á húsinu.

Rekstrarhagnaður Súðavíkurhrepps fyrir árið 2004 jákvæður um 92,1 mkr.

Ársreikningur Súðavíkurhrepps og stofnana hans fyrir árið 2004 var afgreiddur á 55. fundi sveitarstjórnar sem haldinn var 20. maí sl.

Helstu niðurstöðutölur voru þær að heildartekjur A- og B-hluta Súðavíkurhrepps og stofnana hans, fyrir afskriftir, fjármagnsliði og óreglulega liði voru kr. 107,8 mkr. Heildargjöld námu kr. 111,2 mkr. Fjármagnstekjur umfram fjármagnsgjöld námu kr. 15,0 mkr. og afskriftir voru kr. 10,4 mkr.

Á árinu 2004 varð hagnaður af sölu hlutabréfa kr. 86,4 mkr. Rekstrarniðurstaða að teknu tilliti til fjármagnsliða, afskrifta og óreglulegra liða var kr. 92,1 mkr. Veltufé frá rekstri nam kr. 15,6 mkr. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok nam kr. 898,1 mkr., en eigið fé A-hluta var kr. 633,5 mkr.

Rekstrarniðurstaða af reglulegum rekstri Súðavíkurhrepps að frádregnum hagnaði af sölu hlutabréfa var jákvæð um kr. 1,3 mkr. Miklar framkvæmdir áttu sér stað á árinu 2004 og voru helstar, framkvæmdir við lagna og gatnakerfi á Langeyri vegna byggingu iðngarðanna, framkvæmdir við minningareitinn, sem lokið var við á árinu og framkvæmdir við 2. áfanga tjaldsvæðisins sem fólst í smíði þjónustuhúss.

Til stendur að auka hlutafé Sumarbyggðar hf, um 10. mkr.



Á hluthafafundi Sumarbyggðar hf, sem haldinn var 9. júní var samþykkt að bjóða hluthöfum Sumarbyggðar hf að nýta forkaupsrétt sinn í nýju hlutafé, en fyrir liggur að auka hlutafé Sumarbyggðar hf um allt að 10. mkr.

Sumarbyggð hf hefur glímt við erfiða fjárhagsstöðu undanfarin ár, en um 3. mkr. tap varð af rekstrinum á árinu 2004, á árinu 2003 var tapið rúmar 2,2 mkr., og í árslok 2004 var eigið fé félagsins orðið neikvætt um tæpar 4 mkr.

Stærstu hluthafar félagsins eru Súðavíkurhreppur með 55,15% og Byggðastofnun með 23,35%. Hlutafé félagsins er samkvæmt hluthafalista kr. 10.7 mkr. Sumarbyggð hf er með 11 íbúðir og eitt gistiheimili í rekstri sínum.

Ákvæðnar aðgerðir hafa staðið yfir í því skyni að snúa rekstri Sumarbyggðar hf, við og er þessi þáttur liður í þeim aðgerðum. Eigendur félagsins hafa væntingar um að jákvæðar breytingar á rekstri félagsins eigi að sýna sig á nústandandi ári.

Ekki ráðnir verktakar til að sinna refaeyðingu í Súðavíkurhreppi árin 2005 - 2006

Á fundi sveitarstjórnar þann 14. apríl sl. var samþykkt tillaga landbúnaðarnefndar um að ráða ekki verktaka til að sinna veiði á ref í sveitarfélaginu árin 2005 og 2006. Bændum eða aðilum í umboði þeirra verður þó áfram greitt fyrir unna refi og hægt verður að kalla út veiðimann til að sinna sérverkefnum s.s. vegna dýrbíta.

Ákvörðun sveitarstjórnar, um að ráða ekki verktaka til að sinna veiði á ref er tekin í framhaldi af ákvörðun ríkisvaldsins um að lækka endurgreiðslu á útlögðum kostnaði sveitarfélaga vegna veiðanna í 30%, úr 50%. Kostnaður Súðavíkurhrepps var kr. 2,3 mkr. á árinu 2004 og 2,1 mkr. vegna ársins 2003

Gerður hefur verið samningur við Hjalta Reyni Ragnarsson um að sinna vandamálum sem upp koma.

Bændur lögbýla, æðarbændur eða aðilar í umboði þeirra geta óskað eftir aðstoð veiðimanns sé þess þörf. Í þeim tilfellum er hægt að hafa samband við skrifstofu Súðavíkurhrepps í síma 456 4912 eða með tölvupósti á netfangið: omar@sudavik.is.

Opnun fjölskyldugarðsins, „Raggagarður“ í Súðavík



Til stendur að opna fjölskyldugarðinn, „Raggagarður“ í Súðavík 17. júlí nk. Vilborg Arnarsdóttir átti hugmyndina að garðinum og hefur fylgt því staðfastlega eftir að gera garðinn að veruleika en framkvæmdir við garðinn hófust vorið 2004.

Athygli hafa vakið fjárframlög og sjálfböðavinna sem fyrirtæki, stofnanir, íbúar og utanaðkomandi aðilar hafa veitt til garðsins. Þannig hafa fjölmargir lagt hönd á plóginn til að garðurinn megi verða að veruleika og hægt verði að opna hann 17. júlí nk. Garðurinn verður annars vegar leiksvæði með fjölbreyttum leiktækjum og hins vegar fallegt útivistarsvæði.

Sem dæmi um beinan fjárstuðning, þá fékk garðurinn 1. mkr. frá Pokasjóði, 500 þúsund frá Ferðamálaráði og 400 þúsund frá Orkunni. Áætlaður heildarkostnaður við gerð garðsins er um 16. mkr.

Garðurinn hefur fengið heimasíðu og er slóðin: <http://www.raggagarður.it.is>.

Framkvæmdir við tjaldsvæðið í Súðavík á árinu 2005



Síðastliðinn mánuð hefur verið unnið við að ljúka við 3. verkáfangi við tjaldsvæðið í Súðavík og hefur Jónbjörn Björnsson séð um verkið. Í þessum áfanga er gert ráð fyrir að sett verði mön fyrir ofan tjaldsvæðið og útbúin verði aðstaða fyrir fellihýsi, húsbíla og tjaldvagna.

Um mikið verk er að ræða og til að hægt sé að nýta tjaldsvæðið í sumar, þarf að fresta hluta framkvæmda fram á haust. Í sumar verður þó hægt að nýta aðstöðu tjaldsvæðisins með góðu móti.

Gjald, sumarið 2005 fyrir aðstöðu tjaldsvæðis er kr. 350 fyrir 12. ára og eldri á dag.

Upplýsingaskilti verða sett upp í júní í Súðavík

Upplýsingaskilti sem unnið hefur verið að í samvinnu við Teikn á Lofti ehf á Akureyri verða sett upp í júní í Súðavík. Verkið hefur tafist nokkuð, þar sem fyrirhugað hafði verið að setja skiltin upp í apríl sl. Um þrjú skilti er að ræða.

Eitt skiltið verður staðsett neðan til við Grundarstræti ehf, með upplýsingum um þá starfsemi sem þar er að finna. Annað skilti verður innan til við blokkina og það þriðja er samsett úr þremur minni skiltum sem staðsett verða utan til við hús Verkalýðsfélags Vestfirðinga, þar sem áður var gamla pósthúsið.

Ekki þörf frekari aðgerða vegna snjóflóðahættu í Súðavík

Samkvæmt tillögu að nýju snjóflóðahættumati sem unnið hefur verið vegna byggðar í Súðavík er ekki þörf frekari aðgerða til að tryggja öryggi íbúa.

Samkvæmt tillögunni er öll byggð utan Eyrardalsár, þ.e. gamla þorpið, á hættusvæði C að undanskyldum rækjuvinnslu Frosta og vararafstöð Orkubús Vestfjarða sem eru á svokölluðu B svæði. Hættusvæði C er skilgreint sem mesta hættusvæði og þar eru dánarlíkur um þrisvar til sex sinnum meiri en í umferðarslysum. Í innri Súðavík eru einungis tvö hús á hættusvæði A. Það eru gamli Eyrardalsbærinn og íbúðarhúsið að Eyrardal 2. Það hús er hannað og byggt til að standast snjóflóða-áraun. Öll önnur hús í nýju byggðinni eru utan hættusvæða.

Tillagan að nýju hættumati var kynnt á opnum fundi sem haldinn var í matsal grunnskóla Súðavíkur 24. maí sl. og stendur nú yfir tveggja vikna frestur til að gera athugasemdir við tillöguna.

Starfsmannaskipti á skrifstofu Súðavíkurhrepps.

Á 56. fundi sveitarstjórnar, sem haldinn var 1. júní sl. var samþykkt að ráða Ingu Völu Jónsdóttur í 75% starf skrifstofufulltrúa, en auglýst hafði verið eftir starfsmanni tímabundið. Helga Sigurjónsdóttir, sem gengt hefur starfinu frá árinu 2002 fer í tveggja mánaða starfsnám í sumar og í framhaldi fer Helga í eins árs barnseignarfrí. Fjórar umsóknir bárust um starfið. Inga Vala mun hefja störf 20. júní nk.

Jón Arnar ráðinn staðarhaldari í Reykjanesi

Jón Arnar Gestsson markaðsstjóri Snerpu hefur verið ráðinn staðarhaldari í Reykjanesi. Hann tekur við af Bjarna Rafni Ingvasyni sem gengt hefur starfinu undanfarin ár. Í Reykjanesi er, sem kunnugt er rekið hótél og veitingasala auk hinnar rómuðu sundlaugar. Upplýsingar um þjónustu Reykjanness er að finna á heimasíðu félagsins, <http://www.rnes.is/>

Undirbúningur fyrir komu erlendra sjóstangaveiðimanna til Súðavíkur í fullum gangi

Unnið hefur verið að því að skipuleggja aðstöðu og þjónustu við erlenda sjóstangaveiðimenn í Súðavík en verkefnið hefur staðið yfir frá sl. vetri í samstarfi við Tálknafjarðarhrepp. Verkefnið er unnið í samvinnu við þýska ferðaskrifstofu, Angelreisen, sem staðsett er í Hamborg. Angelreisen sérhæfir sig í sölu á sjóstangaveiðiferðum víðs vegar um heim og er með 11.000 virka viðskiptavini á skrá. Þeir munu sjá um söluna á ferðunum hingað til lands. Angelreisen hefur til þessa selt ferðir aðallega til Noregs, Svíþjóðar Danmerkur og Kanada.

Þann 15. apríl sl. var stofnað einkahlutafélagið Fjord Fishing ehf sem mun samhæfa þjónustuna við sjóstangaveiðimennina og sjá um samskipti við Angelreisen.



Að félaginu standa m.a. Súðavíkurhreppur, Tálknafjarðarhreppur, Bolungarvíkurhreppur og Vesturbyggð og var Ólafur Sveinn Jóhannsson sem búsettur er á Tálknafirði ráðinn framkvæmdastjóri félagsins.

Byrjað verður með Súðavík og Tálknafjörð sem þjónustustaði við sjóstangaveiðimenn og má í framhaldi búast við að fleiri staðir komi til með að bjóða upp á sambærilega þjónustu.

Hluti af þjónustunni sem veitt verður er m.a. leiga á húsi og bát meðan á dvölinni stendur og eru í hverjum hóp 3 til 5 aðilar og dvelja þeir á staðnum í eina viku og er áætlað að Súðavík geti þjónustað 3 til 5 hópa í einu til að byrja með.

Í maí sl. kom þriggja manna prufuhópur frá Þýskalandi og gisti á Tálknafirði í eina viku og stundaði þaðan sjóstangaveiði. Hópurinn var sérstaklega fenginn til að kynna sér aðstæður hér og meta hvað væri gott og hvað mætti betur fara. Eftir vikuna var það samdóma álit þeirra að, aðstæður hér á Vestfjörðum væru kjörnar fyrir sjóstangaveiði og voru þeir mjög ánægðir með ferðina.

Ákveðið hefur verið að kvikmyndatökumaður og ritstjórar tveggja veiðitimarita frá Þýskalandi komi í ágúst nk. og geri kynningarefni um Súðavík og Tálknafjörð. Þeir munu verða í Súðavík 5. til 8. ágúst og gera úttekt á staðnum. Kynningarefnið verður síðan nýtt í markaðsáttak, þar sem Álfafjörður og umhverfi hans verður kynnt sérstaklega. Búast má við fyrstu sjóstangaveiðihópnum á vormánuðum 2006. Miklar væntingar eru bundnar við verkefnið, sem á eftir, ef vel tekst til að skapa mörg tækifæri og auka tekjur þjónustuaðila á svæðinu. Upplýsingar um Angeleisen er að finna á heimasíðu þeirra <http://www.angelreisen.de>

Framkvæmdir að hefjast við byggingu tveggja iðnaðarhúsa á Langeyri



Á 55. fundi sveitarstjórnar Súðavíkurhrepps sem haldinn var 20. maí sl. var samþykkt að ganga til samninga við Vestfirski verktaka ehf, um smíði tveggja iðnaðarhúsa á Langeyri, en tilboð í byggingu húsanna voru opnuð 27. apríl sl. Fimm tilboð bárust í verkið frá fjórum aðilum. Vestfirskir verktakar ehf áttu lægsta tilboðið, kr. 67.3 mkr. í byggingu beggja húsanna en kostnaðaráætlun hljóðaði upp á kr. 105,9 mkr. og er því samþykkt tilboð 63,6% af kostnaðaráætlun. Hvert hús er um 540 fm² að stærð og er afhendingartími á húsunum 30. september nk. Eftirlit með framkvæmdum er í höndum bygginga-fulltrúa Súðavíkurhrepps, Árna Traustasyni, hjá VST, verkfræðistofunni.

Listasumar í Súðavík, 4. til 7. ágúst nk.

Listasumar í Súðvík verður haldið 4. til 7. ágúst nk., eða helgina eftir verslunarmannahelgina. Pálína Vagnsdóttir sér um skipulagningu hátíðarinnar í ár. Helstu stuðningsaðilar eru Súðavíkurhreppur, Sumarbyggð hf og FÍH. Hátíðin er nú haldin í sjöunda sinn, en hún var fyrst haldin 1998. Dagkráin verður kynnt nánar þegar nær dregur og upplýsingar verður einnig að finna á heimasíðu Súðavíkurhrepps.

Endurbætur fyrirhugaðar á Eyrardalsbænum



Á fjárlögum fyrir árið 2005 var Súðavíkurhreppi úthlutað 4. mkr. til að hefja endurbætur á gamla Eyrardalsbænum. Á 56. fundi sveitarstjórnar sem haldinn var 1. júní sl. var samþykkt að fá Grétar Markússon og Stefán Örn Stefánsson arkitekta hjá Argos ehf til að sjá um áætlanagerð og hafa eftirlit með framkvæmdunum. Gert er ráð fyrir að Vestfirskir verktakar ehf annist endurbætur á bænum. Fyrstu drög að endurbótum gera ráð fyrir að verkefnið taki 7. til 8. ár. Þörf er á að finna húsinu hlutverk sem taka þarf tillit til við endurbæturnar.